

Mál nr. 282/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur bifreiða á Drottningarbraut Akureyri 26.03. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.08. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 24.08. 2009
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 21.08. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðinni B var ekið norður Drottningarbraut. A kom frá Hafnargötu framhjá stöðvunarskyldu og stöðvaðist með framendann í norðurátt inná Drottningarbraut. Áreksturinn varð í kjölfar þessa. Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið aftan á A sem hafði runnið út í vegkanntinn í krapa og snjó og þurft að stöðva. B hafi ekið á A kyrrstæða. Vátryggingafélag B telur að leggja skuli alla sök á A. Ökumaðurinn hafi ekið í veg fyrir B. M telur að ökumaður A hafi virt stöðvunarskyldu og að B hafi ekið á A kyrrstæða. Hann telur að “þó nokkur tími leið frá því að ég stoppaði og þangað til ökumaður” B rennur aftan á mig.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Virðist sem ökumaðurinn hafi ekki haft stjórn á bifreið sinni og ekið í veg fyrir B. Lagt er til grundvallar að A hafi ekki gætt þess að víkja fyrir umferð um Drottningarbraut og því ekið í veg fyrir B.

Niðurstaða.

Ökumaður A (LY-053) ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. september 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.